

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Sundurliðun útgjalda .....	3
Nefndir og ráð .....	4
Félagsþjónusta.....	4
Barnavernd .....	4
Fjölskyldu- og félagsþjónustan.....	5
Starfsemin .....	5
Starfsmannahald.....	5
Barnavernd og fjölskyldumál.....	6
Barnaverndarmál.....	6
Daggæsla barna .....	7
Gæsluvellir .....	7
Dagmæður .....	7
Fjárhagsaðstoð og ráðgjöf.....	8
Fjárhagsaðstoð .....	8
Félagsráðgjöf.....	8
Húsnæðismál og húsaleigubætur .....	9
Félagslegt leiguhúsnæði.....	9
Viðbótarlán.....	9
Húsaleigubætur .....	9
Félagsleg heimaþjónusta .....	10
Heimilishjálp .....	10
Heimsendur matur.....	10
Málefni aldraðra .....	11
Heimaþjónusta .....	11
Dagvist.....	11
Leiguíbúðir.....	11
Málefni fatlaðra.....	12
Liðveisla.....	12
Akstur fatlaðra.....	12

## Inngangur

Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar (FFR) hefur skilgreint forvarnir sem megininntak í allri starfsemi stofnunarinnar, allt frá barnaverndarstarfi til öldrunarmála og við stefnumóta- og áætlanagerð hafa forvarnir verið hafðar að leiðarljósi. Fjölskyldumál voru í brennidepli á árinu enda fjölskyldan, hvernig sem hún er skilgreind, vettvangur alls starfs stofnunarinnar. Sérstök áhersla var lögð á stuðning við foreldra. Þar er helst að nefna; foreldranámskeið fyrir foreldra barna 0 - 6 ára, sem stofnunin stóð fyrir, skipulögðu samstarfi var komið á við Foreldrahús Vímulaus æska og haldin var foreldraráðstefnan "HÖND Í HÖND" í samstarfi við foreldrafélög grunnskólanna.

Áhersla var lögð á að opna aðgengið að FFR, var það m.a. gert með því að hver starfsmaður skrifstofunnar skrifaði grein í eitt staðarblaðanna þar sem einstakir þjónustuhættir voru kynntir. Þessu var vel tekið og merktu starfsmenn aukningu fyrirspurna í kjölfar greinaskrifa.

Í samræmi við stefnumótun fyrir Reykjanesbæ var starfsheitið ÖLDRUNARFULLTRÚÍ samþykkt, en með því er lagður grunnur að markvissari heildarmynd af þjónustu bæjarins við aldraða.

Starfshópur sem skipaður var til vinnu á stefnu Reykjanesbæjar í málefnum innflytjenda, lauk störfum á árinu, afrakstur þeirrar vinnu bíður nú ákvörðunar bæjarstjórnar. Innflytjendur eru ört vaxandi hópur í Reykjanesbæ.

Á árinu tók Reykjanesbær í samvinnu við Félagsmálaráðuneytið og R.K.Í. á mótí fimm flóttamannafjölskyldum frá fyrrum Júgóslavíu. FFR hafði umsjón með verkefninu sem var mjög umfangsmikið. Verkefnastjóri var ráðin að verkefninu og verður því gerð nánari skil með ársskýrslu við lok þess í júní n.k.

Vorið 2001 var hafist handa við byggingu 25 félagslegra leiguíbúða fyrir aldraða sem áætlað er að taka í notkun vorið 2002. Allt útlit er fyrir að sú áætlun standist.

Ákvörðun var tekin um að leggja alveg niður tvo af gæsluvöllum í Reykjanesbæ, en nýting gæsluvalla hefur farið ört minnkandi á undanförmum árum.

Í samræmi við starfsáætlun 2001 var áhersla lögð á eflingu starfsandans meðal skipulagsheildar FFR. Starfsmenn um 50 talsins fóru einn eftirmiðdag í maí í ferðalag austur fyrir fjall í boði stofnunarinnar. Einnig var haldið eitt sameiginlegt námskeið fyrir alla starfsmenn. Bæði þessi atriði þóttu takast mjög vel og verða væntanlega árvissir þættir í starfsemi. Starfsáætlun fyrir árið 2002 var unnin í október.

Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar er þjónustustofnun sem byggir fyrst og fremst á þeim starfsmönnum sem þar vinna. Mikill metnaður og vilji til að gera ávallt betur einkennir þessa starfsmenn. Ég vil þakka þeim frábær störf og jákvætt hugarfar.

Reykjanesbæ í mars 2002  
Hjördís Árnadóttir  
Félagsmálastjóri

## Sundurliðun útgjalda

Þann 1. desember 2001 voru íbúar í Reykjanesbæ 10.942. Útgjöld til Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar og málefna sem undir hana heyra námu kr. 182.549.000, sem svarar til kr. 16.683 á hvern íbúa.

### Sundurliðun útgjalda 2001

fjölskyldu og félagsþjón./skrifstofa .....	44.639.000
fjölskyldu- og félagsmálaráð.....	1.276.000
barnaverndarnefnd .....	1.260.000
tilsjón/stuðningsfjölskyldur .....	3.359.000
vistun barna .....	16.787.000
sumardvalir í sveit.....	2.511.000
niðurgreidd dagvistargjöld á leikskólum .....	4.130.000
niðurgreidd dagvist hjá dagmæðrum .....	11.380.000
gæsluvellir .....	10.372.000
fjárhagsaðstoð .....	24.130.000
móttaka flóttamanna.....	2.510.000
húsaleigubætur .....	10.380.000
félagslegt húsnæði.....	18.600.000
íbúðir aldraðra .....	5.516.000
félagsleg heimaþjónusta.....	19.860.000
dagdvöl aldraðra.....	- 811.000
liðveisla .....	4.628.000
ferlimál fatlaðra.....	2.022.000

**Heildarútgjöld árið 2001 kr. 182.549.000** (2000 kr. 161.512.000)

## Nefndir og ráð

### Félagsþjónusta

Fjölskyldu- og félagsmálaráð starfar skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um húsnæðismál og húsaleigubætur, lögum um málefni aldraðra og fatlaðra og fer auk þess með jafnréttis- og framtalsmál. Jafnframt starfar Fjölskyldu- og félagsmálaráð skv. reglum sem bæjarstjórn hefur sett um stjórnun og framkvæmd félagsþjónustu í Reykjanesbæ.

Reglulegir fundir ráðsins eru annan hvorn mánudag. Fjöldi funda á árinu voru 25.

Félagsmálastjóri er framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagsmálaráðs og situr fundi þess. Húsnæðisfulltrúi situr fundi við afgreiðslu húsnæðismála og aðrir starfsmenn eftir þörfum.

Á árinu 2001 var fjölskyldu- og félagsmálaráð þannig skipað.

### Aðalmenn

Svanlaug Jónsdóttir formaður, Guðný Kristjánsdóttir, Ólöf Sveinsdóttir, Sveindís Valdimarsdóttir og Guðbrandur Einarsson.

### Varamenn

Anna Lea Björnsdóttir, Hafsteinn Ingibergsson, Sigurveig Una Jónsdóttir, Andrea Gunnarsdóttir og Vilhjálmur Skarphéðinsson.

**Nefndarlaun fjölskyldu- & félagsmálaráðs 2001 kr. 1.276.000 (2000 kr. 1.225.000)**

### Barnavernd

Barnaverndarnefnd starfar skv. barnaverndar- og barnalögum. Meginmarkmið í barnavernd er að tryggja börnum og ungmönnum viðunandi uppeldisskilyrði. Er það gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar. Einnig er úrræðum beitt til verndar einstökum börnum þegar það á við. Barnaverndarnefnd fer einnig með öryggismál barna.

Reglulegir fundir barnaverndarnefndar eru annan hvorn mánudag, aukafundir eru eftir þörfum. Nefndin hélt 22 fundi á árinu.

Yfirfélagsráðgjafi er framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar og situr fundi. Aðrir starfsmenn sitja fundi barnaverndarnefndar eftir þörfum.

Barnaverndarnefnd var á árinu 2001 þannig skipuð.

### Aðalmenn

Elín Gunnarsdóttir formaður, Ingibjörg Hilmarsdóttir, Jón Guðlaugsson, Alma Vestmann og Ketill Jósefsson.

### Varamenn

Silja Dögg Gunnarsdóttir, Hjálmei Einarsdóttir, Jónína Hermannsdóttir, Sveinbjörg S. Ólafsdóttir og Sveindís Valdimarsdóttir.

**Nefndarlaun barnaverndarnefndar 2001 kr. 1.260.000 (2000 kr. 1.732.000)**

# Fjölskyldu- og félagsþjónustan

## Starfsemin

Fjölskyldu- og félagsþjónustan sér um framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélagsins. Við allt skipulag starfseminnar eru forvarnir hafðar að leiðarljósi.

## Megin verkefni eru

barnavernd  
stuðningsúrræði  
öryggismál barna  
forsjár-, umgengnis- og ættleiðingarmál  
fósturmál og vistun  
fjárhagsaðstoð  
húsaleigubætur  
félagsleg ráðgjöf  
sálfræðiþjónusta  
daggæslumál  
félagsleg húsnæðismál  
félagsleg heimaþjónusta  
málefni aldraðra  
málefni fatlaðra  
jafnréttismál

## Starfsmannahald

Á árinu 2001 voru 9 stöðugildi hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustunni sem skiptust þannig; félagsmálastjóri, þrjú félagsráðgjafar, ráðgjafi, sálfræðingur, húsnæðisfulltrúi, öldrunarfulltrúi og verkstjóri í heimaþjónustu. Auk þess var tímabundin ráðning verkefnastjóra vegna móttöku flóttamanna.

## Eftirtaldir störfuðu við stofnunina

félagsmálastjóri	Hjördís Árnadóttir
yfirfélagsráðgjafi	Rannveig Einarsdóttir
félagsráðgjafar	Kristbjörg Leifsdóttir
	María Gunnarsdóttir
	Ása Eyjólfsdóttir
sálfræðingur	Ágústa Gunnarsdóttir
ráðgjafar	Elfa Hrund Guttormsdóttir
	Jenný Magnúsdóttir
húsnæðisfulltrúi	Sigurbjörg Gísladóttir
öldrunarfulltrúi	Kolbrún Jónsdóttir
verkstjóri í heimaþjónustu	Elsa Kjartansdóttir
verkefnastjóri v/móttöku flóttamanna	Sigríður Jóna Jóhannesdóttir

María Gunnarsdóttir og Elfa Guttormsdóttir fóru í fæðingarorlof á árinu, Ása Eyjólfsdóttir og Jenný Magnúsdóttir komu inn í afleysingar á meðan.

**Heildarkostnaður skrifstofu FFR 2001 kr. 44.639.000 (2000 kr. 38.903.000)**

# Barnavernd og fjölskyldumál

## Barnaverndarmál

Barnavernd er stærsti málaflokkur Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar. Sú stefnubreyting sem gerð hefur verið í vinnslu barnaverndarmála hjá FFR hefur að mati starfsmanna skilað sér, en það má m.a. merkja á því að foreldrar leita sjálfir í miklu mæli eftir þjónustu skv. skilgreiningu barnaverndarlaganna. Megin áhersla er lögð á stuðning og leiðbeiningar til foreldra varðandi uppeldi og aðbúnað barna þeirra. Einnig er áhersla lögð á samvinnu við aðra aðila sem koma að uppeldi barna en þar er helst að nefna leik- og grunnskóla, íþrótt- og tómstundaaðila. Á árinu voru mál 221 barns til vinnslu hjá FFR.

## Dæmi um eðli mála sem voru til vinnslu á árinu 2001

unglingamál	49
kynferðisbrotamál	14
fósturmál	26

Á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á fjölgun úrræða í barnaverndarmálum og er þar helst að nefna sálfræðiaðstoð, tilsjón, stuðningsfjölskyldur og sveitadvalir, en þessi úrræði ásamt almennri ráðgjöf hafa styrkt barnaverndarstarfið og aukið á traust til Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar. Á árinu stóð stofnunin fyrir uppeldisnámskeiði fyrir foreldra ungra barna. Einnig var unnið sérstakt hópastarf með unglingsstúlkum og í framhaldi af því var í samvinnu við Vímulausa æsku haldið sjálfstyrkinganámskeið fyrir sömu stúlkur.

## Helstu stuðningsúrræði á árinu

283	foreldri fengu félagslega eða uppeldislega ráðgjöf
100	börn og foreldrar fengu sálfræðiaðstoð
6	unglingsstúlkur sóttu sjálfstyrkinganámskeið að loknu hópastarfi á vegum FFR
10	foreldrar barna 0-6 ára sóttu uppeldisnámskeið fyrir tilstuðlan FFR
20	fjölskyldur 39 barna fengu tilsjón
7	börnum var útvegaður persónulegur ráðgjafi
5	heimili fengu félagsleg heimaþjónusta
9	börn voru hjá stuðningsfjölskyldum
14	börnum var útveguð dagvist
29	börn fengu sumardvöl í sveit
12	börn fóru í tímabundna vistun

Öll mál sem unnin eru með skírskotun til barnaverndarlaga eru skráð sem barnaverndarmál. Gerð er meðferðaráætlun sem endurskoðuð er reglulega, þar til viðunandi árangur hefur fengist. Í þeim tilvikum sem meðferðaráætlun nær ekki fram að ganga eða ekki næst samkomulag við foreldra um viðunandi lausnir eru mál lögð fyrir barnaverndarnefnd. Í slíkum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að beita þvingunarúrræðum skv. ákv. barnaverndarlaga.

**Heildarkostnaður barnaverndarmála 2001 kr. 28.047.000 (2000 kr. 25.520.000)**

## Daggæsla barna

### Gæsluvellir

Vegna minnkandi aðsóknar á gæsluvelli bæjarins var farið í endurskipulagningu á rekstri þeirra og tekin ákvörðun um að fækka þeim um tvo. Eftir úttekt á ástandi allra vallanna var ákveðið að loka Ásabrautarvelli og Miðtúnsvelli. Frá 1. september 2001 eru þrjú gæsluvellir starfandi í sveitarfélaginu, Brekkustígsvöllur og Heiðarbólsvöllur sem eru opnir allt árið og Stapagötuvöllur sem opin er yfir sumarið.

Best nýting er á Stapagötuvelli ef tekið er mið af íbúafjölda í hverfi því sem hann er staðsettur.

Gæsluvöllunum er ætlað að vera öruggt athvarf fyrir börn á aldrinum 2 til 6 ára og tryggja þeim aldurshópi aðstöðu til útiveru undir eftirliti starfsmanna.

Starfsmenn við gæsluvellina eru alls 4 yfir vetrarmánuðina í samtals tveim stöðugildum, en 9 yfir sumarmánuðina í 5,4 stöðugildum.

### Nýting og rekstrarkostnaður á einstökum gæsluvöllum

	<b>fjöldi</b>	<b>kostnaður</b>
Ásabrautarvöllur	1.195	1.299.000
Brekkustígsvöllur	1.287	3.483.000
Heiðarbólsvöllur	2.663	3.084.000
Miðtúnsvöllur	929	1.361.000
Stapagötuvöllur	758	1.145.000

**Samanlagður rekstrarkost. gæsluvalla 2001 kr. 10.372.000** (2000 kr. 9.570.000)

### Dagmæður

Vegna aukins leikskólapláss í Reykjanesbæ þegar nýr leikskóli var tekinn í notkun í ársbyrjun 2001 fækkaði börnum hjá dagmæðrum um 45 milli ára og dagmæðrum fækkaði um 6.

Í desember s.l. var 21 dagmóðir starfandi í Reykjanesbæ, þar af 2 með uppeldismenntun. Þann 1. desember voru 113 börn hjá dagmæðrum þar af voru 111 tveggja ára eða yngri. Algengasti vistunartími var 4 tímar á dag.

Dagmæður eru sjálfstætt starfandi atvinnurekendur, háðar starfsleyfi þess sveitarfélags sem þær starfa í. Skilyrði leyfisveitinga er að þær uppfylli 9. grein reglugerðar nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum.

Reykjanesbær greiðir niður dagvistun allra barna hjá dagmæðrum. Hámarks niðurgreiðsla fyrir fulla vistun er kr. 11.000 á mánuði í 11 mánuði á ári.

**Heildar niðurgreiðslur til dagmæðra 2001 kr. 11.380.000** (2000 kr. 15.202.000)


## Fjárhagsaðstoð og ráðgjöf

### Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð eða framfærsla er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglum sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur sett um fjárhagsaðstoð í sveitarfélaginu. Áhersla er lögð á ráðgjöf og leiðbeiningar samhliða fjárhagsaðstoð og gengið út frá því að fjárhagsaðstoð sé tímabundið úrræði. Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar hækkuðu verulega milli ára 2000 og 2001 eða um rúm 43%. Þessa hækkun er helst að rekja til þrengingar í atvinnulífi, aukinnar skuldabyrði, verðbólgu og lágra launa.

Fjárhagsaðstoð sem slík hefur öðlast almenna viðurkenningu sem einn þjónustubáttur sveitarfélaga við þegna sína og greinilega má merkja viðhorfsbreytingu til hennar. Fyrir ekki löngu þótti það skömm að leita eftir fjárhagsaðstoð, sagt var að fólk væri á bænnum. Þá var algengt að fólk leitaði ekki eftir fjárhagsaðstoð þrátt fyrir verulega þörf. Í dag er fólk er almennt vel upplýst um rétt sinn og leitar aðstoðar þegar þrengir að.

### Þróun fjárhagsaðstoðar 1994 til 2001



### Félagsráðgjöf

Á undanförunum árum hefur aukist til muna að fólk leiti ráðgjafar hjá Fjölskyldu- og félagsþjónustunni varðandi ýmis málefni s.s. í hjónaskilnaðarmálum, forsjár- og umgengismálum, slysa- og sjúkratilfellum, vegna örorku ofl.

Einnig er nokkuð um að fólk leiti eftir fjármálaráðgjöf jafnvel þó það eigi ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Í slíkum tilvikum er algengt að leitað sé samstarfs við þjónustufulltrúa bankanna.

Þá er algengt að fólk leiti aðstoðar og ráðlegginga vegna skatta- og meðlagsskulda og ýmissa annarra atriða.

**Heildarkostnaður fjárhagsaðstoðar 2001 kr. 24.130.000 (2000 kr. 16.812.000)**

## Húsnæðismál og húsaleigubætur

### Félagslegt leiguhúsnæði

Félagslegum leiguíbúðum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum. Alls eru nú 297 slíkar íbúðir í Reykjanesbæ, þar af 68 sérstaklega ætlaðar öldruðum og 6 sérstaklega ætlaðar fötluðum.

Hafin var bygging 25 félagslegra leiguíbúða fyrir aldraða sem áætlað er að taka í notkun vorið 2002. Með þeirri byggingu er gert ráð fyrir að fullnægja að mestu eftirspurn eftir slíku húsnæði a.m.k. næstu ár.

### Skipting félagslegs húsnæðis

tegund	fjöldi íbúða
fél.eignaríbúðir í leigu	45
fél.kaupleiguíbúðir í leigu	64
leiguíbúðir sveitarfélags	40
alm.kaupleiguíbúðir í leigu	3
fél.leiguíbúðir aldraða með 15% hlutdeildareign	19
alm.kaupleiguíbúðir aldraða með 30% hlutdeildareign	20
leiguíbúðir aldraða	29
fél.eignaríbúðir í eigu einstaklinga	77

### Viðbótarlán

Ekkert lát hefur verið á eftirspurn eftir viðbótarlánnum frá því breyting var gerð á félagslega húsnæðiskerfinu á árinu 1999. Á árinu 2001 voru gefin út 139 lánsloforð viðbótarlána í Reykjanesbæ samtals að upphæð kr. 188.980.000. Af þeirri upphæð greiðir Reykjanesbær 5% til Varasjóðs viðbótarlára eða kr. 9.449.000 á árinu 2001.

**Heildarkostnaður húsnæðismála 2001 kr. 24.116.000** (2000 kr. 27.663.000)

### Húsaleigubætur

Endurnýjun umsókna vegna húsaleigubóta er 1. janúar ár hvert. Eins og sjá má á töflunni hér að neðan, virðist sem fólk trassi að endurnýja á réttum tíma, þrátt fyrir að minnt sé á það, bæði með bréfi og auglýsingu. Á árinu fengu 210 heimili greiddar húsaleigubætur frá Reykjanesbæ.

### Skipting húsaleigubóta eftir húsnæði

mánuður	fél.leiguíbúðir	alm.leiguíbúðir
janúar	64	23
júní	85	46
desember	114	72

**Heildargreiðslur húsaleigubóta 2001 kr. 10.380.000** (2000 kr. 8.121.000)

## Félagsleg heimaþjónusta

### Heimilishjálpi

Fullyrða má að félagsleg heimaþjónusta sé einn öflugasti þjónustubátturinn í því að gera fólki kleift að búa sem lengst heima við sem eðlilegastar aðstæður. Þjónustan er einnig oft mikilvægt stuðningsúrræði í barnaverndarmálum. Eins og með marga þjónustubætti innan félagslega geirans, er félagsleg heimaþjónusta orðin viðurkennt þjónustuúrræði, ekki bara til aldraðra þó þeir séu lang stærsti þjónustuhópurinn.

Gjaldskrá þjónustunnar var breytt á árinu og tekur nú mið af lífeyri T.R. Eitt gjald er fyrir alla sem njóta heimilishjálpar í Reykjanesbæ. Þann 1. desember s.l. var gjaldið kr. 368 á tímann. Þeir sem eru með óskerta tekjutryggingu frá T.R. greiða ekki fyrir þjónustuna.

Algengasti þjónustutíminn er þrjár klukkustundir á tveggja vikna fresti.

Á síðustu tveim árum hefur starfsmannavelta í þessum málaflokki minnkað verulega, en það má ekki síst þakka breyttu skipulagi.

Alls störfuðu 23 starfsmenn við félagslega heimaþjónustu í 13,5 stöðugildum, þar af voru 8 starfsmenn í fullu starfi.

Á árinu nutu alls 415 einstaklingar á 253 heimilum, heimilishjálpar í Reykjanesbæ.

	heimili	einstaklingar
aldraðir	160	205
fatlaðir/öryrkjar	75	161
aðrir	18	49

### Heimsendur matur

Heimsendur matur er einn þáttur félagslegrar heimaþjónustu. Að meðaltali voru 403 matarskammtar sendir á 14 heimili mánaðarlega. Aldraðir eru stærsti hópurinn sem nýtir þetta þjónsútuúrræði.

	fjöldi heimila
aldraðir	36
aðrir	5

**Heildarkostnaður félagsl. heimaþjónustu 2001 kr. 19.860.000 (2000 kr. 15.654.000)**

## Málefni aldraðra

### Heimaþjónusta

Reykjanesbær rekur öfluga heimaþjónustu fyrir aldraða, en markmið hennar er að gera öldruðum kleift að búa sem lengst heima. Þjónustuþörfin er misjöfn og ræðst af aðstæðum hjá hverjum og einum.

Heimaþjónusta sem í boði er skiptist í; heimilishjálp, yfirsetu, heimsendingu matar, heimsóknarþjónustu og félagslega ráðgjöf.

Algengasta þjónustan er heimilishjálp, en einnig er alltaf töluverður hópur sem nýtir sér heimsendingu matar.

Alls nutu 205 aldraðir einstaklingar á 160 heimilum heimaþjónustu á árinu. 36 heimili fengu heimsendan mat. Maturinn er eldaður á dvalarheimilinu Hlévangi og seldur öldruðum á kostnaðarverði. Reykjanesbær sér um dreifingu hans, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Heimsóknarþjónusta er vinsælt þjónustuúrræði sem felst í tíðum en stuttum heimsóknum til þeirra sem þess þurfa með. Þjónustunni er fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir félagslega einangrun.

### Dagvist

Í Dagdvöl aldraðra að Suðurgötu 12-14 í Keflavík er leyfi fyrir 16 einstaklinga virka daga. Rekstur dagdvalarinnar er háður leyfi Heilbrigðisráðuneytisins sem greiðir daggjöld til starfseminnar. Dagdvölin er liður í að gera öldruðum kleift að búa sem lengst í heimahúsum. Þjónustan felst í að fólki er ekið til og frá heimili, það fær morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi auk ýmissar annarrar þjónustu. Áhersla er lögð á heimilislegt og notalegt andrúmsloft í Dagdvöl aldraðra.

Á árinu nýttu 37 einstaklingar dagþjónustu dagdvalarinnar.

Starfsmenn voru 4 í 3,6 stöðugildum. Forstöðumaður er Inga Lóa Guðmundsdóttir.

### Leiguíbúðir

Félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða í eigu Reykjanesbæjar eru 29. Þær eru einkum ætlaðar eignalausum eða eignalitlum einstaklingum (sjá kaflann um húsnæðismál).

Á árinu hófst bygging 25 félagslegra leiguíbúða fyrir aldraða, sem áætlað er að verði tilbúnar í maí 2002. Með þeirri byggingu er gert ráð fyrri að biðlisti eftir slíkum íbúðum tæmist að mestu.

## Málefni fatlaðra

### Liðveisla

Liðveisla er veitt skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun.

Liðveisla sem þjónustuúrræði hefur sannað gildi sitt og getur m.a. komið í veg fyrir ótímabæra innlögn á stofnun.

Á árinu 2001 fengu 25 fatlaðir einstaklingar á aldrinum 6 - 63 ára liðveislu í allt frá 10 til 20 stundir á mánuði, allt eftir félagslegri stöðu hvers og eins. Auk þess fengu 11 fatlaðir einstaklingar sem búsettir eru í þjónustuíbúðum liðveislu í 20 tíma á mánuði hver. Segja má að grundvöllur þess að fatlaðir geti búið í þjónustuíbúðum sé að þeir njóti liðveislu, frekari liðveislu og félagslegrar heimaþjónustu. Þjónusta við einstaklinga í þjónustuíbúðum er samstarfsverkefni Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Hvor þjónustuaðili leggur hverjum einstaklingi til 20 liðveislutíma á mánuði.

Samningur er milli Fjölbrotaskóla Suðurnesja (FS) og Fjölskyldu- og félagsþjónustunnar, um að nemendur skólans sem vinna við liðveislu fái þá vinnu metna til eininga. Samvinna þessi hefur gefist mjög vel og tryggt meira framboð á starfsfólki til liðveislustarfa.

Starfsmenn í liðveislu er allir ráðnir í tímavinnu. Algengast er að hver starfsmaður sinni einum einstaklingi.

Alls störfuðu 28 aðilar við liðveislu á árinu.

búseta þeirra sem nutu liðveislu	fjöldi	tímar alls
á einka heimilum	25	2.251
í þjónustuíbúðum	11	2.640

**Heildarkostnaður við liðveislu 2001 kr. 4.628.000** (2000 kr. 4.143.000.-)

### Akstur fatlaðra

Reykjanesbær veitir fötluðum ferðaþjónustu skv. lögum. Markmið hennar er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda vinnu eða nám og njóta tólmstunda og til að sækja sértæka þjónustu sem miðast við þarfir hvers og eins.

Þeir sem nota ferðaþjónustu fatlaðra greiða fyrir hverja ferð sem svarar gjaldi AVR eða kr.100 pr. ferð.

Alls fengu 23 fatlaðir einstaklingar ferðaþjónustu á árinu 2001 í samtals 3248 ferðum. Flestar ferðir, 2634, voru vegna atvinnu eða hæfingar.

Reykjanesbær greiðir einnig niður sérleyfisferðir fyrir öryrkja sem ferðast með SBK. Þannig voru 832 ferðir niðurgreiddar á árinu 2001.

**Heildarkostnaður ferðaþjón. og aksturs fatlaðra 2001 kr. 2.022.000** (2000 kr. 1.353.000)